



Atvinnuveganefnd
Alþingi

Egilsstaðir 21. maí 2024

Efni: Frumvarp til laga um lagareldi.

Byggðaráð Múlaþings fagnar því að heildarlöggjöf um lagareldi sé komin fram því mikil þörf hefur verið á þeim ramma. Mikilvægt er að skýr rammi sé settur fram um sjókvíaeldi hér á landi og lagafrumvarpið sýnir greinilega að þar sé komið til móts við það ákall.

Varðandi reglulegt eftirlit með starfseminni telur Byggðaráð Múlaþings mikilvægt að það eftirlit verði byggt upp sem næst lagaeldinu og skapi þannig bæði aukin störf í nærumhverfi starfseminnar og tryggi einnig stuttan viðbragðstíma.


Byggðaráð Múlaþings fagnar því einnig að lögð sé áhersla í frumvarpinu á að fjármunir tengdu lagareldi muni renna til sveitarfélaganna í samræmi við umfang sjókvíaeldisins í stað þess að þurfa að sækja um í fiskeldissjóð til að geta staðið undir nauðsynlegri innviðaupbyggingu tengt vexti starfseminnar. Mikilvægt er hins vegar að hlutdeild sveitarfélaga úr fyrirhuguðum samfélagssjóði verði meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir að eingöngu 1/3 þeirra fjármuna sem innheimtir eru vegna sjókvíaeldis og safnast í sjóðinn fari til sveitarfélaga.

Varðandi ótímabundin rekstrarleyfi í 33. grein frumvarpsins, telur Byggðaráð Múlaþings það varhugavert og mikilvægt sé að hafa ákveðið tímaviðmið rekstrarleyfa í starfsemi lagareldis.

Að öðru leyti tekur byggðaráð Múlaþings undir þær áherslur er fram koma í bókunum stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 02.01.2024, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 08.05.2024, varðandi fyrirliggjandi frumvarp.

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Fyrir hönd Múlaþings


Björn Ingimarsson
Sveitarstjóri
MÚLAÞINGIS

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is